



SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN

Ársskýrsla 2020

Inngangur

Hlutverk Sjúkraflutningaskólans er að veita menntun á sviði sjúkraflutninga og bráðapjónustu utan sjúkrahúsa. Við skólann starfar einn starfsmaður í fullu starfi sem jafnframt gegnir stöðu skólastjóra. Auk hans koma að námskeiðum leiðbeinendur og umsjónarmenn námskeiða sem verktakar sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, bráðateknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar.

Sjúkraflutningaskólinn er rekinn sem eining innan Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og ber framkvæmdastjórn SAK ábyrgð á daglegum rekstri skólans. Ennfremur er starfandi fagráð Sjúkraflutningaskólans en í því sitja fulltrúar frá SAK, Heilbrigðisráðuneyti, Háskólanum á Akureyri og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Á árinu 2020 voru haldin 27 námskeið (voru 62 árið 2019) og var heildarfjöldi þátttakenda 238 (voru 567 árið 2019). Fjöldi námskeiða og nemenda í grunn- og framhaldsnámi í sjúkraflutningum er nokkuð stöðugur milli 2019-2020 en talsverð fækkun var í endurmenntunarnámskeiðum og vettvangshjálp, að mestu vegna Covid 19, sem hafði mikil áhrif á skólastarfið á árinu.



Nokkrir nemendur í framhaldsnámi í Lotu 1 á Akureyri ásamt leiðbeinanda.

Fyrirkomulag menntunar sjúkraflutningamanna.

Nám sjúkraflutningamanna á Íslandi er annars vegar grunnnám (EMT) sem er 260 tíma nám og framhaldsnám (EMT-Advanced) sem er um 400 tíma nám. Nemendur fá starfsleyfi að loknu grunnnámi og geta þá hafið störf sem sjúkraflutningamenn. Bæði grunnhluti og framhaldshluti námsins, byggjast á viðmiðum úr kennsluskrá sjúkraflutningamanna í Bandaríkjum NA, byggt á stöðlum frá National Highway Traffic Safety Administration (NHTSA). Auk náms í sjúkraflutningum sinnir skólinn námi í Vettvangshjálpi (First Responder) byggt á sama staðli og EMT námið og má hér nefna samstarf Sjúkraflutningaskólans við Háskólann á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar varðandi menntun lögreglunema í vettvangshjálpi.

Skólastarfið 2020 og Covid.

Eins hjá öllum öðrum setti Covid 19 mark sitt á allt skólastarfið á árinu. Bæði var námskeiðum frestað og eins var minni eftirspurn eftir t.d. endurmenntunarnámskeiðum hjá rekstraraðilum sjúkraflutninga, enda starfsstöðvar þeirra lokaðar stóran part ársins. Grunn nám sjúkraflutninga og annað nám fór af stað með hefðbundnum hætti í byrjun árs en í mars voru blikur á lofti og stöðvaðist öll starfsemi skólans 19. mars. Í byrjun maí tókst að koma grunnnáminu aftur í gang og ljúka því fyrir sumarfrí. Þer að þakka bæði umsjónarmönnum, leiðbeinendum og nemendum fyrir frábæra vinnu og aðlögunarhæfni við að láta þetta ganga upp. Sumarið leið og gerðar áætlanir fyrir haustið sem gekk í garð í byrjun september með framhaldsnámskeiðum og fáum Covid smitum. En upp úr miðjum september fór smitum aftur að fjölga þannig að aftur þurfti að fresta námskeiðum. Þó tókst að halda námskeiðum gangandi á höfuðborgarsvæðinu þar sem skólinn fékk inni í Korpuskóla fyrir námskeiðshald fyrir tilstuðlan Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Þurfti að fresta tveimur framhaldsnámskeiðum á Akureyri sem áður hafði verið frestað frá vori til hausts, auk nokkurra námskeiða í vettvangshjálpi og endurmenntun..

Starfsþjálfun nema í sjúkraflutningum fór einnig verulega úr skorðum en flestir þeir aðilar sem hafa tekið á móti nemendum lokuðu fyrir nema, mismikið þó. Þannig er talsverður uppsafnaður vandi vegna þess sem vonandi fer nú að leysast úr þegar þetta er skrifað.

Útskrift Sjúkraflutningaskólans.

Útskrift Sjúkraflutningaskólans var frestað vorið 2020. Stefnt er að tvöfaldri útskrift 2021, annaðhvort að vori eða hausti eftir því hvernig mál þróast.

Samningur um starfsþjálfun.

Á árinu var skrifað undir samning við Menntadeild Landsspítalans um móttöku nema Sjúkraflutningaskólans í starfsnám. Það fer fram að mestu á Bráðamóttöku, en einnig á Hjartagátt, Geðsviði, Bráðamóttöku barna og öldrunardeildum.

Ný heimasíða.

Á árinu var einnig tekin í notkun ný heimasíða Sjúkraflutningaskólans www.ems.is með nýju skráningarkerfi.

Starfsfólk og nefndir skólans

Skólastjóri:

Ingimar Eydal

Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri ber ábyrgð á rekstri Sjúkraflutningaskólans. Sjúkraflutningaskólinn heyrir undir framkvæmdastjóra bráða- og þróunarsviðs en framkvæmdastjóri er Hildigunnur Svavarsdóttir.

Verkefnisstjóri: Valur Halldórsson starfaði sem verkefnisstjóri nýs framhaldsnáms í sjúkraflutningum (EMT-Advanced) sem verktaki í hlutastarfi.

Umsjónarmaður búnaðar: Jón G. Knutsen starfaði í hlutastarfi sem umsjónarmaður búnaðar skólans.

Fagráð Sjúkraflutningaskólans:

Sigurður E. Sigurðsson framkvæmdastjóri lækninga SAK, formaður ráðsins
Anton Berg Carrasco Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Viðar Magnússon yfirlæknir bráðabjónustu utan sjúkrahúsa, Landspítala
Brynjar Friðriksson deildarstjóri sjúkraflutninga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir sérfræðingur í bráðahjúkrun, Háskólinn á Akureyri
Kristján Sigfússon fagráði Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
Hjörtur Kristjánsson umsjónarlæknir Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Inntökunefnd

Anton Berg Carrasco og Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, fulltrúar úr Fagráði skólans skipa inntökunefnd ásamt skólastjóra. Verkefni nefndarinnar eru að meta umsóknir nýnema og raða þeim inn samkvæmt verklagsreglum.

Fagráð sjúkraflutninga.

Fagráðið er skipað samkvæmt reglugerð um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga nr. 262/2011 til fjögurra ára í senn. Hlutverk þess er að vera heilbrigðisráðherra til ráðgjafar um öll fagleg málefni er varða sjúkraflutninga á, við og yfir Íslandi og skylda starfsemi. Skólastjóri situr í ráðinu fyrir hönd Sjúkraflutningaskólans sem menntastofnunar sjúkraflutninga. Helstu verkefni ráðsins á árinu sneri að endurnýjun sjúkrabíla, rýni á skýrslum um stefnumótun auk fleiri verkefna.

Aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlandi eystra.

Skólastjóri situr í aðgerðarstjórn almannavarna Norðurlands eystra fyrir hönd SAK.


Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY)

Skólastjóri situr í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) fyrir hönd fyrirtækja og stofnana ríkisins.


Námskeið

Haldin voru 27 námskeið á árinu 2020 og voru þátttakendur samtals 238. Á árinu 2020 voru eftirtalin námskeið haldin (sjá myndrit 1 og 2) (fjöldi 2019 í sviga).

Myndrit 1 Tegundir og fjöldi námskeiða



Myndrit 2 Fjöldi þátttakenda á námskeiðum skólans



Grunnnámskeið í sjúkraflutningum (EMT) er 260 klst námskeið sem veitir þeim sem því ljúka starfsréttindi og löggildingu sem sjúkraflutningamenn. Á árinu 2020 voru haldin **sex** kjarnanámskeið EMT bæði í streymisnámi og staðarnámi með samtals **63** nemendum. Eitt staðarnámskeið var haldið í Reykjavík, með 12 nemendum. Streymisnámskeið voru fimm, þar sem bókleg kennsla fór fram í gegnum Moodle fjarkennslu samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri en verklegar lotur voru á Akureyri (13 nemendur), Reyðarfirði (9 nemendur), Sandgerði 1 (12 nemendur) Sandgerði 2 (12 nemendur) og Ísafirði (5 nemendur). Notuð er bókin Emergency Care, 13. útgáfa frá útgáfufyrirtækiu Pearson sem og önnur kennslugögn s.s. glærur og prófaspurningar.

Framhaldsnám sjúkraflutninga (EMT-Advanced) Framhaldsnámið er 400 klst nám sem veitir sjúkraflutningamönnum aukna þjálfun og réttindi. Námið er nú skipt niður í fjórar lotur þannig að nemendur taka námið í lotum og geta ráðið hraðanum, þó er miðað við að námið taki ekki lengri tíma en þrjú ár. Allar lotur voru kenndar á árinu, samtals voru **tólf** námskeið í lotunáminu með **100** nemendum samtals, þar með talin lokafærnimat þar sem nemendur fara í gegnum mat á öllum þáttum framhaldsnámsins sem þeir þurfa að standast til að geta útskrifast. Í lotu 1 voru kennd fjögur námskeið með samtals 38 nemendum, tvö í Reykjavík en eitt á Akureyri og Sandgerði. Í lotu 2 voru þrjú námskeið með 33 nemendum, tvö í Reykjavík og eitt á Sandgerði og Akureyri. Í lotu 3 voru tvö námskeið, bæði í Reykjavík með samtals 16 nemendum. Í lotu 4 voru þrjú námskeið, tvö í Reykjavík og eitt í Sandgerði með samtals 30 nemendum. Lokafærnimat var svo haldið tvisvar sinnum í Reykjavík fyrir samtals 10 nemendur.

Vettvangshjálparnámskeið (First Responder) Um er að ræða **40 klst.** námskeið sem er ætlað viðbragðsaðilum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s lögreglu, slökkvilið, björgunarsveitir eða aðrir skipulagðir viðbragðsaðilar. Samtals voru haldin **fjögur** námskeið í Vettvangshjálparnámi með samtals **34** þátttakendum. Tvö námskeið voru haldin fyrir lögreglunema við Háskólann á Akureyri með 22 þátttakendum, eitt námskeið fyrir vettvangsliða á norðanverðum Vestfjörðum með 12 þátttakendum og eitt námskeið fyrir vettvangsliða Slökkviliðs Þingeyjarsveitar með 4 þátttakendum.

Endurmenntunar- og sérnámskeið fyrir sjúkraflutningamenn, vettvangsliða og aðra viðbragðsaðila voru **fimm** og tók hvert námskeið 8 klukkustundir. Þar af voru þrjú ILS námskeið (Sérhæfð endurlífgun 1) og tvö EPILS námskeið (Sérhæfð endurlífgun barna 1). Endurmenntunar- og sérnámskeið voru haldin á Akureyri og Reykjavík. Þátttakendur voru samtals **37**.

Lokaorð

Eins og áður hefur komið fram var árið 2020 um margt sérstak í skólastarfinu líkt og á öllum sviðum þjóðlífsins. Mikill tími fór að raða námskeiðum upp á nýtt og finna nýjar leiðir og gekk það vonum framar í góðri samvinnu umsjónarmanna, leiðbeinenda og nemenda. En ljóst er að verulega hægði á menntun og endurmenntun viðbragðsaðila og er það verkefni komandi missera að vinna það upp.

Mörg verkefni unnust á árinu en jafnframt eru mörg verkefni eru framundan. Með tillögum nefndar um stefnumótun í sjúkraflutningum til ársins 2030 eru mörg tækifæri og mikilvægt að vinna úr þeim með hagsmuni sjúkraflutningamanna að leiðarljósi.

Mikilvægt er að skólinn sé ávallt í fararbroddi hvað varðar fagmennsku í sjúkraflutningum og bráðaðþjónustu og það gerist best með því að virkja þá sem eru við störf í málaflokknum víða um land og hafa aflað sér viðbótarmenntunar á sviði bráðaðþjónustu og sjúkraflutninga. Stefnt er að því að ráða verkefnisstjóra í hlutastarf til að halda sérstaklega utan um námsefni og námsefnisgerð á árinu 2021.

Endurmenntun sjúkraflutningamanna þarf að gefa betri gaum. Mjög misjafnt er hvernig henni er sinnt en víða er endurmenntun sinnt af rekstraraðilum sjálfum án aðkomu skólans en samræmd skráning á endurmenntun er ekki til. Víða hafa heilbrigðisstofnanir sinnt endurmenntun vel og hafa í auknum mæli sóst eftir endurmenntun sem snýr að viðbragðsþjónustunni í heild, og ná þannig öllum saman sem koma að utanspítalþjónustu á viðkomandi svæði og er það góð framþróun. Í skýrslu um stefnumótun í sjúkraflutningum til ársins 2030 er þessu gerð sérstök skil og vonandi koma tillögur nefndarinnar um endurmenntun til framkvæmda sem fyrst.

Ljóst er að skólinn hefur alla burði til að vaxa og dafna og mikilvægt að honum séu sköpuð skilyrði til þess.

Sjúkraflutningaskólinn átti farsælt samstarf við marga aðila á árinu. Þakkir eru færðar rekstraraðilum sjúkraflutninga fyrir gott samstarf, en sérstaklega viljum við þakka Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Brunavörnum Suðurnesja, Slökkviliði Akureyrar, Slökkviliðinu í Fjarðarbyggð, Landsspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Neyðarlínunni fyrir veitta aðstoð við starfsþjálfun og aðra aðstoð við framkvæmd námskeiða. Enn fremur fær Verkmenntaskólinn á Akureyri og Adam Óskarsson miklar þakkir fyrir aðgang að Moodle kennslukerfi VMA og aðstoð. Endurlífgunarráð Íslands og Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir kennslu- og þjálfunarstjóri á SAK fá þakkir fyrir gott samstarf. Umsjónarmenn, verkefnisstjórar og leiðbeinendur námskeiða eru burðarásar í náminu og fá þeir sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf.

Skólastjóri vill þakka öllum samstarfsaðilum gott og farsælt samstarf á árinu 2020.

Ingimar Eydal
Skólastjóri